



217. fundur Skólanefndar FS

15. apríl 1997

Mættir: Kristbjörn Albertsson, Jón Ingi Baldvinsson, Stefanía Ólafsdóttir, Ingimundur Guðnason, Karl Hermannsson, áheyrnarfulltrúarnir Rósa Sigurðardóttir og Tryggvi Þór Reynisson, Ólafur Jón Arnbjörnsson skólameistari og Oddný Harðardóttir aðstoðarskólameistari.

Formaður setti fund og síðan var gengið til dagskrár.

Dagskrá:

1. Heimsókn ráðherra.
2. Vorönn 1997.
3. Önnur mál.

1. Heimsókn ráðherra.

Skólameistari sagði frá heimsókn ráðherra og embættismanna menntamálaráðuneytis í skólann fimmtudaginn 10. apríl. Þar voru m.a. kynntar hugmyndir um starfsmenntun.

2. Vorönn 1997.

Skólameistari sagði frá skólastarfinu á önninni og hugmyndum um stækkun húsnæðis. Skólanefnd veitir skólameistara heimild til að kanna nánar möguleika varðandi húsnæðismál.

3. Önnur mál.

- a) Skólameistari sagði frá heimsóknum erlendra gesta í skólann.
- b) Aðstoðarskólameistari kynnti hugmyndir um sumarskóla við FS. Skólanefnd samþykkir samhljóða að kanna grundvöll fyrir rekstri sumarskóla í sumar.

Fleira ekki gert og fundi slitið.



Guðmann Kristþórsson,
fundarritari

Sumarskóli í FS júní 1997 ?

Markmið: Að bjóða nemendum þjónustu sem vilja flýta námi sínu.

Kennslustundafjöldi og stundaskrá :

	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	
kl. 17:00 - 19:00					Kennsla í fjórar vikur í júní.
kl. 19:15 - 20:35					

Í þriggja eininga áföngum verða kenndar 39 kennslustundir (sami kennslustundafjöldi og í öldungadeild). Nemendur mega ekki velja sér fleiri áfanga en tvo.

Sumarskólinn verður að standa undir sér fjárhagslega, þ.e. nemendur borga allan kostnað.

Hver áfangi mun kosta um það bil 100.000 kr. (laun kennara, launatengd gjöld, orlof, pappír, tæki o.fl.)

Kennarar fá samkvæmt kjarasamningum greitt yfirvinnukaup með 30% álagi, auk þess greiðslu fyrir samningu prófa og yfirferð. Nemendur mega samkv. kjarasamningi ekki vera fleiri en 15.

Tillaga: Hver áfangi kostar nemanda 10.000 kr. og nemendafjöldi fer ekki niður fyrir 10.

Kannanir:

13 kennarar eru tilbúnir til að kenna í Sumarskólanum og 3 til viðbótar sögðu kannski.

Námsgreinar sem þeir nefndu voru:

Viðskiptagreinar	Íslenska
Sálfræði	Líffræði
Uppeldisfræði	Efnafræði
Tölvufræði	Danska
Ritvinnsla	Fatagerð
Stærðfræði	Hárgreiðsla
Enska	Siglingafræði
Þýska	Siglingareglur

55 nemendur öldungadeildar sögðust hafa áhuga á að stunda nám við Sumarskólann.

Þessir nemendur nefndu hina ýmsu áfanga sem fyrsta val.

(46 áfangar voru nefndir en hver nemandi nefndi tvo áfanga).

Ef þetta þykir hugmynd sem vert er að hrinda í framkvæmd þarf að biðja menntamálaráðuneytið um leyfi strax og auglýsa og skrá sem fyrst.